

Hafnarfjarðarbær
Innk: 3/6 2016
Málsnr: 160405
Bréfal: 105



Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Bt. Auður Þorkelsdóttir  
Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Hafnarfirði 1. júní 2016

**Efni: Styrkur bæjarráðs vegna viðgerða á freskum í Víðistaðakirkju.**

Sóknarnefnd Víðistaðakirkju staðfestir móttöku bréfs varðandi styrk bæjarráðs vegna viðgerða á freskum í Víðistaðakirkju að upphæð 250.000. dagsett 18. apríl sl.

Sóknarnefnd Víðistaðakirkju lýsir yfir vonbrigðum með að ekki hafi fengist hærri styrkuppþæð í ljósi kostnaðaráætlunar verksins. Freskur Víðistaðakirkju eru einstakt listaverk frá hendi listmálarans Baltasar Samper og teljast ótvírætt meðal helstu menningarverðmæta Hafnarfjarðar.

Freskurnar, sem málaðar voru fyrir tæpum 30 árum, hafa orðið fyrir skemmdum, bæði vegna umgangs og rakaskemmda í kjölfar þakleka í kirkjunni.

Víðistaðakirkja mun sjálf leitast við að kosta viðgerðir sem nauðsynlegar eru innan og utan kirkjunnar vegna þaklekans, en vonast hafði verið eftir meiri stuðningi frá Hafnarfjarðarbæ vegna freskuviðgerðarinnar.

Í framhaldi af ofansögðu vill sóknarnefnd Víðistaðasóknar bjóða bæjarráði Hafnarfjarðar í heimsókn í kirkjuna fimmtudaginn 25. ágúst kl. 16. til að fræðast og fá upplýsingar frá fyrstu hendi um starfið í Víðistaðakirkju og þau verkefni sem sóknarnefnd stendur frammi fyrir.

Virðingarfyllst, f.h. Víðistaðakirkju,

Hjörleifur Þórarinnsson

Formaður sóknarnefndar Víðistaðakirkju